

30. fundur hverfisnefndar Holta- og Hlíðarhverfis haldinn í Glerárskóla 06.10.2009.

Mættir: Ingvar Þóroddsson, Aldís Einarsdóttir, Berglind Rafnsdóttir, Pálína Jónsdóttir og Brynja Sigurðardóttir. Þá kom einnig á fundinn Andrea Waage formaður foreldrafélags Glerárskóla.

Fundarefni.

Erindi frá Péttri Bolla Jóhannessyni skipulagsstjóra Skipulagsdeildar Akureyrarb.

Kynntur var tölvupóstur frá Péttri Bolla dags. 2. október 2009 varðandi Undirhlíð og nágrenni. Komu þessar upplýsingar fram:

„Fyrirhugaðar eru framkvæmdir á reitnum og var því ákveðið að mæla hæðir lóða og húsa í nágrenninu. Í framhaldinu verður fylgst mjög náið með jarðvatnsstöðunni af verkfræðistofnunni Mannvit ehf. Þegar framkvæmdir fara af stað því mjög mikilvægt er að hún breytist ekki á meðan á framkvæmdum stendur. Ef slíkt gerist munu framkvæmdir stöðvaðar og gripið til aðgerða til þess að ná jafnvægi á ný.

Fyrir liggur að verktaki þarf að leggja fram grundunarskýrslu sem fjallar um aðferðarfræðina við að hafa jarðvegskiftin. Sú skýrslu mun verða unnin af viðurkenndum sérfræðingum á því sviði.

Byggingarleyfið verður ekki gefið út fyrr að fyrrgreind skýrsla liggur fyrir og yfirfarin af okkur“

Uppgjör hausthátíðar 2009.

Rædd voru atriði varðandi hátíðina bæði sem vel þóttu heppnast og einnig þau sem betur mega fara. Kom fram meðal annars að virkja þyrfti nemendur skólans meira og kynna hátíðina betur fyrir þeim og öðrum, var rætt um dreifimiða í því sambandi. Einnig komu fram ýmsar nýjar hugmyndir sem verða settar í gang fyrir næstu hausthátíð.

Bókun stjórnarsýslunefndar vegna Nesjahverfis.

Kynntur var tölvupóstur frá Dagný Harðardóttur dags. 24. september 2009 varðandi bókun stjórnarsýslunefndar frá 23. september.

Bókunin: Í fundargerð hverfisnefndar Holta- og Hlíðarhverfis og á sameiginlegum fundi hverfisnefnda með stjórnarsýslunefnd kom fram fyrirspurn um hvort málefni Nesjahverfis falli undir hverfisnefnd Holta- og Hlíðarhverfis.

Stjórnarsýslunefnd telur eðlilegt að svo sé (undirlína er ritara).

Ræddu fundarmenn þetta mál stuttlega og voru sammála stjórnarsýslunefnd um þetta mál.

Lausaganga hunda í hverfinu.

Borist hafa kvartanir til hverfisnefndar vegna lausagöngu hunda í hverfinu. Vill hverfinefnd vekja athygli íbúa á reglum Akureyrarbæjar um hundahald. Þar segir meðal annars:

„Leyfishafi skal gæta þess vel, að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði né raski ró manna.

Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í fylgd með manni, sem hefur fullt vald yfir honum. Þegar hundur er í festi á húslóð, skal lengd festarinnar við það miðuð, að óhindrað megi ganga að aðaldyrum hússins“.

Þessar upplýsingar ásamt fleiru um hundahald má finna á heimasíðu Akureyarbæjar.
Slóðin er: <http://www.akureyri.is/stjornkerfid/reglur-samthykkir/annad/nr/300>

Stígagerð og fleira í hverfinu.

Síðast mál á dagskrá var að skoða ath. frá þeim Aldísi og Berglind varðandi lagningu á stígum, gangstéttum og gangbrautum í hverfinu samkv. teikningu. Var það mál rætt en þar sem tíminn var hlaupinn frá nefndarmönnum þá gafst ekki tækifæri á að fara í skoðunarferð um hverfið. Ákveðið var að fresta því til næsta fundar.

Næsti fundur verður 3. nóvember klukkan 18:00 í Glerárskóla.

Fleira var ekki rætt.

Ritað 6. október 2009
Brynja Sig.